

Nóvember 2021

Skýrsla um starf Samtaka áhugafólks um skólaþróun 2019-2021

Aðalfundur 2019 og starf stjórnar

Aðalfundur samtakanna var haldinn á Kaffi Reykjavík, Vesturgötu 2, þann 4. nóvember 2019. Í stjórn voru kjörin sem aðalmenn: Aðalheiður Stefánsdóttir leikskólastjóri, Bryndís Jóna Magnúsdóttir skólastjóri Heiðarskóla í Reykjanesbæ, Hulda Dögg Proppé grunnskólakennari í Sæmundarskóla, Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Háskóla Íslands, Ómar Örn Magnússon, grunnskólakennari við Hagaskóla, Súsanna Margrét Gestsdóttir, lektor við Háskóla Íslands og Prúður Hjelm, skólastjóri Krikaskóla.

Félagslegir endurskoðendur voru kjörnir þau Birgir Edwald, skólastjóri Sunnlækjarskóla og Jónína Ágústsdóttir, fyrrverandi skólastjóri. Í uppstillingarnefnd voru kjörin: Ármann Halldórsson, Haraldur Axel Einarsson og Lena Sólborg Valgarðsdóttir

Í ritstjórn Skólaþráða voru kjörin Anna Magnea Hreinsdóttir, Inga Mjöll Harðardóttir, Ingvar Sigurgeirsson, Valgerður Bjarnadóttir og Vigfús Hallgrímsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund með eftirfarandi hætti: Hulda Dögg Proppé formaður, Aðalheiður Stefánsdóttir varaformaður, Ómar Örn Magnússon gjaldkeri, Ingvar Sigurgeirsson ritari og meðstjórnendur Bryndís Jóna Magnúsdóttir, Súsanna Margrét Gestsdóttir og Prúður Hjelm.

Stjórnin hefur að jafnaði hist mánaðarlega, ýmist í raunheimum eða með notkun fjartækninnar. Meginviðfangsefni stjórnar hefur verið að undirbúa viðburði, einkum ráðstefnur samtakanna og byggja upp tengslanet sitt. Auk þess halda samtökin úti vef tímaritinu Skólaþráðum. Á síðasta kjörtímabili var stíft unnið að því að undirbúa og koma aftur á fót afhendingu Íslensku menntaverðlaunanna og á afstöðnu kjörtímabili tóku samtökin virkan þátt í vinnunni við úthlutun þeirra bæði árið 2020 og 2021.

Í gegnum tíðina hefur mikil áhersla verið lögð á að halda ráðstefnur með sem hagkvæmustum hætti til að gera sem flestum kleift að sækja þær. Stjórnarmenn hafa m.a. séð um skráningar og innheimtu gjalda í tengslum við ráðstefnur og oftast séð um innkaup veitinga. Þá hafa margar ráðstefnur verið haldnar í húsakynnum þar sem samtökin hafa notið sérstakrar velvildar gestgjafa. Þetta hefur gert Samtökunum kleift að halda ráðstefnugjöldum í lágmarki.

Ráðstefnur Samtakanna

Árspangið 6. nóvember 2019. Starfsþróun kennara – hvar eru tækifærin?

Ráðstefna **Félags um starfendarannsóknir og Samtaka áhugafólks um skólaþróun** var haldin í **Menntaskólanum við Sund** miðvikudaginn 6. nóvember 2019, kl. 15:00 – 19:30.

Ráðstefnustjórar voru þær Hjördís Þorgeirsdóttir og Sigurrós Erlingsdóttir, kennarar í Menntaskólanum við Sund. Á ráðstefnunni voru ræddar þær leiðir sem kennarar og annað fagfólk í skólum getur farið til starfsþróunar – einkum það sem vel hefur gefist.

Ráðstefnan hófst á erindi Hafþórs Guðjónssonar, heiðursgests ráðstefnunnar, sem nefndist: Að rýna í eigin rann. Mikilvægi sjálfsrýni í starfendarannsóknunum. Því næst fluttu eftirtaldir örerindi:

- Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri í Dalskóla flutti erindi þar sem hún sagði frá þeirri menningu starfendarannsóknna sem einkennir starfið í Dalskóla.

Nóvember 2021

- Guðbjörg Pálsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, ræddi um rannsóknarkennslustundir í stærðfræði og þann tilgang þeirra að kryfja nemendahópinn og kennsluna í teymi.
- Guðrún Sólveig, leikskólastjóri leikskólans Rauðhóls flutti erindi um flæði í skólanum sem hún kallaði Leyndarmál Rauðhólsgleðinnar
- Þóra Víkingisdóttir, líffræðikennari við MS deildi með ráðstefnugestum því sem hefur hvað mest eflt hana í starfi, bæði þá sem mest áhrif höfðu haft á hennar starf auk þeirra starfendarannsókna sem hófust árið 2005 og hafa lyft Grettistaki í starfinu.

Að umræðum loknum voru skipulagðar hópumræður með heimskaffisniði þar sem eftirtöldum spurningum var velt upp:

- Hver er staðan í starfsþróunarmálum kennara?
- Hvaða ljón eru í veginum? Hvað hindrar?
- Hvaða leiðir eru vænlegastar til að efla starfsþróun kennara?
- Hvar liggja helstu sóknarfærin?

Niðurstöðurnar voru fjölbreyttar og báru vitni mikillar grósku og hugmyndaauðgi. Þær má finna á heimasíðu samtakanna á þessari slóð: https://skolathroun.is/wp-content/uploads/2019/09/Ni%C3%B0urstodur_hopumraedna.pdf

Vegna góðrar fjárhagsstöðu samtakanna var ákveðið að félagsmenn í Samtökum áhugafólks um skólapróun gætu sótt hana án endurgjalds, aðrir greiddu 1500,-

Ráðstefnan ver vel heppnuð og af henni fór gott orð. Hana sótt um 90 þátttakendur.

Ráðstefnan Öll börnin okkar, hvernig komum við til móts við fjölbreyttan nemendahóp.

Í ágúst 2020 var ráðgert að halda ráðstefnu um fjölbreytta flóru nemenda í samstarfi við Kennarasamband Íslands og Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en vegna þeirra aðstæðna sem kórónuveiran bauð upp á var ákveðið að fresta henni í eitt ár. Þrátt fyrir að henni hafi verið frestað var ákveðið að senda út einn af aðalfyrirlestrunum og var það gert rafrænt. Þar ræddi Barbara Laster um aðferðir sem hægt er að nota til að efla orðaforða barna. Fyrirlesturinn var tekinn upp þann 24. ágúst og hann er enn hægt að horfa á á heimasíðu samtakanna.

Nóvemberráðstefnan

Þær hugmyndir höfðu vaknað að efna til hugarflugsfundar á ársþingi samtakanna í nóvember 2020 þar sem fjalla átti um helstu sóknarfærin í skólastarfi. Það þing var slegið af sökum aðstæðna í samfélaginu, enda kennarar margir hverjir þá í óða önn að endurskipuleggja kennsluna og temja sér nýjar vinnuaðferðir sem nýjar tímar kröfðust.

Öll börnin okkar. Hvernig komum við til móts við fjölbreyttan nemendahóp?

Þann 13. ágúst 2021 var ákveðið var að taka upp þráðinn frá árinu áður og halda ráðstefnuna sem skipulögð hafði verið í samstarfi við Kennarasamband Íslands og Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, en ferstað hafði verið utan erindis Barböru Laster. Vonir stóðu til að hægt væri að halda ráðstefnuna í Norðlingaskóla og var það gert, en á síðustu stundu þurfti að breyta henni í

Nóvember 2021

fjarráðstefnu. Boðið var upp á fyrirlestra, málstofur og kynningar þar sem lögð var áhersla á leiðir til að koma betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Aðalbjörg Ingadóttir, skólastjóri Norðlingastkóla stýrði ráðstefnunni og vilja samtökin þakka henni og starfsfólki skólans sem gerði okkur kleift að halda ráðstefnuna þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Ráðstefnan hófst klukkan 9:00 með ávarpi Huldu Daggar Proppé, formanns samtakanna. Að því loknu voru flutt þrjú erindi.

- Edda Óskarsdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ, flutti erindi sem hún nefndi Menntun fyrir alla: Hvert eru við komin? Þar rýndi hún stöðu þróunar á stefnu um menntun á aðgreiningar á Íslandi, hvað hefði þá þegar verið gert og hvað væri í deiglu.
- Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ og Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri fluttu því næst erindi sem bar heitið: Hvað er til marks um gæði í kennslu? Hvað gefur til kynna hvort kennari leitast við að koma til móts við þarfir allra nemenda sinna? Erindið byggðu þær á ransókninni Gæði kennslu á Norðurlöndum.
- Donata H. Bukowska, kennsluráðgjafi og sérfræðingur í skólaþróunarteymi mennta- og menningarmálaráðuneytisins flutti þá erindi sitt: Á vegamótum framtíðarinnar. Tækifæri sem leynast á ótroðnum slóðum. Er ný menntastefna baggi eða...?

Að þessum þremur erindum loknum tók við keflinu Aðalheiður Sigurðardóttir, stofnandi Ég er unik og samskiptaráðgjafi hjá Tröppu ehf en erindi hennar var streymt frá Noregi. Það nefndist Lyklarnir að bættum skóladegi; hvernig getum við stutt við börnin okkar sem eiga erfitt með að fóta sig í skólanum? Þar fengu þátttakendur ómetanlega innsýn í hvernig hægt er að mæta börnum sem eiga við andlega fjötra að etja og byggja þá upp.

Síðdegisdagskráin innihélt fjölda vinnu- og málstofa sem allar voru rafrænar.

- Möguleikar snjalltækninnar við að koma til móts við fjölbreytta nemendahópa
- Stoðþjónusta í skólum sem hafa verið að þróa nýjar leiðir
- Stöðumat fyrir ÍSAT nemendur
- Markmið og leiðir í samvinnunámi
- Samvinnunámskrá
- Samvinnu og lausnaleit með Breakout EDU
- Læsisfimman og Stærðfræðiprennan
- Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi
- Geðræktarmál og málefni barna sem þurfa stuðning
- Hvað getum við lært af rannsóknum á kennsluháttum og það hvernig við getum betur komið til móts við fjölbreytta nemendahópa?
- Rýnt í myndbönd úr kennslustundum í 8. bekk á Íslandi: Hvað má læra um gæði kennslu út frá markmiði kennslustundar, endurgjöf og vitsmunaleg áskorun
- Hvenær verða börn Íslendingar? Hver á að kenna þeim íslensku?
- Teymisvinna sem virkar
- Viðhorf foreldra
- Möguleikar kennslutækninnar
- Ævintýraferðir og útinám
- Gagnvirkt ferðalag um heim einhverfunnar
- Kynningar á þróunarverkefnum

Nóvember 2021

Sjá nánar um ráðstefnuna á þessari slóð: <https://skolathroun.is/agustradstefnan-2020-oll-bornin-okkar-hvernig-komum-vid-til-mots-vid-fjolfreyttan-nemendahop/>

Einnig er vakin athygli á því að flest erindin, sem streymt var, eru enn aðgengileg á fræðsluvef sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sjá hér: <http://ssh.menntamidja.is/kennslufraedi/oll-bornin-okkar-2021/>

Önnur verkefni

Félagaskrá

Félagaskrá hefur verið í hægri breytingu en byrjað er að yfirfara hana. Fella þarf út þá sem ekki hafa staðið skil á félagsgjöldum á liðnum árum og uppfæra netfangalista. Félagar nú eru um 780. Félagaskrá var lengi vel á heimasíðu samtakanna, en hefur nú verið fjarlægð þaðan vegna persónuverndarsjónarmiða.

www.skolathroun.is

Á heimasíðu Samtakanna www.skolathroun.is birtast fréttir af þróunarstarfi í skólum, auk kynninga á ýmsum viðburðum, einkum þeim sem Samtökin standa fyrir á hverjum tíma. Áhersla hefur verið lögð á að halda efni frá ráðstefnunum til haga á heimasíðunni. Á heimasíðunni er einnig hægt að skrá þátttakendur á ráðstefnur, en mikil hagræðing er af því. Þar er einnig hægt að finna upplýsingar um Íslensku menntaverðlaunin.

Veftímaritið Skólaþræðir

7. desember 2016 var vefslóðin www.skolathraedir.is gerð virk og fyrstu greinarnar birtar í veftímariti Samtakanna.

Í Skólaþræðum eru birtar greinar um þróunar- og umbótastarf í skólum og fréttir af áhugaverðu skólastarfi. Stefnt er að því að þetta verði vettvangur fyrir skólafólk til að miðla góðum hugmyndum og ræða um menntamál. Ritinu er ætlað að þjóna öllum skólastigum og gert er ráð fyrir fjölbreyttu efni; löngum og stuttum greinum, fréttum, pistlum og umræðugreinum. Stefnt er að því að nýta kosti vefmiðils með því að birta einnig hljóð- og myndefni. Þá er gefinn kostur á ritryndu efni.

Ritstjórn Skólaþræða að undanfögnu hafa skipað Anna Magnea Hreinsdóttir aðjúnkt við Háskóla Íslands Borgarbyggðar, Inga Mjöll Harðardóttir, kennari í Hagaskóla, Ingvar Sigurgeirsson fyrrverandi prófessor við Kennaradeild HÍ, Valgerður Bjarnadóttir nýdoktor og Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla, Hafnarfjarðarbæ

Þeir sem vilja koma efni á framfæri geta snúið sér til ritstjórnar með því að senda tölvupóst á netfangið skolastofan@skolastofan.is.

Ritið er öllum opið - en gegnir sérstöku hlutverki gagnvart félagsmönnum í Samtökum áhugafólks um skólapróun, enda stendur félagið að útgáfunni.

Helsta hlutverk ritsins er að efla uppbyggilega og faglega umræðu um skólastarf.

Nóvember 2021

Íslensku menntaverðlaunin

Þann 5. nóvember 2019 var undirritað samkomulag um Íslensku menntaverðlaunin á Bessastöðum eftir mikla undirbúningsvinnu, sem hrundið var af stað fyrir tilstilli samtakanna. Að samkomulaginu standa embætti forseta Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Listaháskóli Íslands (listkennsludeild og tónlistardeild), Menntamálastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar .

Gerður Kristný Guðjónsdóttir, skáld og rithöfundur, var skipuð formaður viðurkenningarráðs. Verðlauninum er ætlað að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglingum.

Við lítum svo á að með þessu sé verið að varpa ljósi á þá mikilvægu og jákvæðu vinnu sem unnin er á öllum skólastigum landsins. Það verður spennandi að fylgjast með þróun þessa verkefnis og mikilvægt að vel til takist.

Þann 13. Nóvember 2020 var hátíðisdagur því þá voru verðlaunin veitt að nýju í fyrsta skipti eftir að þau voru endurvakin. Verðlaunin eru veitt í þremur aðalflokkum auk þess sem sérstök hvatningarverðlaun eru afhent. Fjöldi tilnefninga barst og viðurkenningarráð valdi úr þeim og kynnti valið á alþjóðlegum degi kennara, 5. október. Verðlaunahafar voru kynntir með rafrænum hætti 13. nóvember og voru þeir sem hér segir:

- Fyrir framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur fékk Dalskóli verðlaun fyrir þróun þverfaglegra og skapandi kennsluhátta auk þeirra starfendarannsókna sem nefnd voru hér áðan og snúa að mati starfsfólks á eigin starfi.
- Birte Harksen fékk verðlaun sem framúrskarandi kennari en hún kennir við Heilsuleikskólann Urðarhól í Kópavogi og hefur lagt sig í líma við að efla skapandi og leikmiðaða starfshætti í leikskólum með vefsvæðunum Börn og tónlist, Leikur að bókum og Stafagaldir.
- Það þróunarverkefni sem viðurkenningaráði þótti skara fram úr var Smiðjan í skapandi skólastarfi, sem á athvarf sitt í Langholtsskóla. Smiðjan hefur það að markmiði að auka veg þverfaglegra viðfangsefna með áherslu á sköpun, lykilhæfni og nýtingu upplýsingatækni í námi.
- Hvatningarverðlaunin hlaut Ingvi Hrannar Ómarsson og Utís hópurinn fyrir framúrskarandi stuðning við starfsþróun íslenskra kennara með miðlun framsækinnna hugmynda um skapandi skólastarf, nýsköpun og upplýsingatækni þar sem nemandinn er í brennidepli.

Næstkomandi miðvikudag, þann 10. nóvember, verður kynnt á RUV hverjir hljóta verðlaunin í ár, en þau eru veitt við athöfn á Bessastöðum.

Mat á starfi Samtakanna

Það er mat stjórnar að ágætlega megi við una af starfinu undanfarin misseri þó alltaf sé rými til bætinga.

Þær ráðstefnur sem haldnar voru gengu mjög vel og voru vel sóttar. Sérlega áhugavert var hversu margir tóku þátt í ágústráðstefnunni í ár þrátt fyrir að hún væri rafræn.

Í samtökunum eru félagsmenn af öllum skólastigum. Ráðstefnuhald hefur verið fyrirferðarmesti þátturinn í starfi samtakanna til skamms tíma, en nú hefur útgáfa Skólaþráða bæst við sem stór þáttur, sem og umsjón með Íslensku menntaverðlauninum.

Nóvember 2021

Sú hefð hefur myndast í starfi samtakanna að haldinn sé viðburður á vorönn eða hausti sem eigi sér sterka vísan í starfsumhverfi framhaldsskólakennara, sjónum sé beint að starfsumhverfi leikskólakennara í sumarbyrjun og ágústráðstefnan miðuð að þörfum grunnskólans.

Ársþinginu er síðan ætlað að höfða að einhverju leyti til allra skólastiga, en tímasetning hefur þó hentað grunnskólakennurum einna best. Þá er jákvætt að við ráðstefnuhaldið hefur tekist gott samstarf við fjölmarga aðila, stofnanir og samtök.

Stjórnin hefur lagt áherslu á að kaupa sem mest af þjónustu af gestgjöfum hverju sinni og öll störf stjórnarmanna eru unnin í sjálfböðastarfi. Rekstur samtakanna hefur hvílt mest á herðum stjórnarinnar og ritstjórnar Skólaþráða, en félagsmenn leggja einkum af mörkum með framlögum sínum til ráðstefnanna. Á hverjum tíma er áriðandi að huga sem best að því hvernig virkja má sem flesta í starfinu. Vonandi fara aðstæður í samfélaginu að verða okkur hliðhollari svo við getum haldið þessu starfi áfram. Það er þó sennilegt að það rafræna form sem samfélagið hefur lært að nýta sér muni þjónu miklu hlutverki næstkomandi ár og það munum við einnig nýta, gerist þess þörf.

Eins og ársreikningar félagsins sýna stendur félagið ágætlega fjárhagslega og mikilvægt er að virkja þetta fjármagn til góðra verka og félagsefingar. Stjórn samtakanna hefur haft mikinn áhuga á því að beita sér fyrir fleiri skólaþróunarverkefnum sem snerta leikskólastigið og í því skyni hefur nú verið efnt til samkeppni um um greinar um frjótt og skapandi leikskólastarf til birtingar í Skólaþráðum, vefriti samtakanna.

Við, sem setjum skólaþróun á oddinn, getum ekki annað en glaðst yfir þeirri grósku sem skólasamfélagið hefur sýnt undanfarin misseri. Í lifandi samfélagi geta auðveldlega skapast aðstæður sem setja allt úr skorðum, þó það sé blessunarlega langt síðan við á Íslandi upplifðum slíka tíma. Það hefur verið lærdómsríkt að horfa á kennara þessa lands, sama hvaða aldri þeir kenna, takast á við þær breytingar sem nauðsynlegar voru, börnunum til heilla. Skólafólk hikaði ekki við að taka höndum saman, deila hugmyndum og aðferðum, og mynda heild sem hvaða starfsstétt sem er væri stolt af. Við ættum þegar um hægist á vettvangi að reyna að fá sem mest af greinum þessu tengdu inn í Skólaþræði því það er mikilvægt að halda utan um það góða sem við lærðum og nýta það áfram sem stökkpall fyrir aðrar hugmyndir og verkefni. Krafturinn, eljan og samstaðan mun vonandi færa okkur ný tækifæri svo kennarar þessa lands haldi áfram að þroskast og börnin okkar njóti góðs af.

Fyrir hönd stjórnar,

Hulda Dögg Proppé, formaður